

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 2001

11. október 2001

2115

Nr. 754

REGLUGERÐ


um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Í stað myndar í I. hluta I. viðauka komi:



Framhlið ökuskírteinis



Bakhlíð ökuskírteinis

2. gr.

Í stað 1.-6. málsgreina II. hluta í I. viðauka (*Framhlið ökuskírteinis*) komi sjö málsgreinar:

Í efra vinstra horni er íslenska þjóðernismerkið, ÍS, svart að lit í svörtum sporöskjulaga hring.

Efst fyrir miðju er orðið „ökuskírteini“ prentað með svörtum upphafsstöfum.

Í efra hægra horni er orðið „Ísland“ prentað með bláum upphafsstöfum.

Fyrir miðju vinstra megin er ljósmynd af skírteinishafa.

Neðst í vinstra horni er mynd af Íslandi í bláum lit.

Í neðra hægra horni er mynd af íslenska skjaldarmerkinu í fánalítum.

Í grunni framhliðarinnar eru orðin EES-gerð og orðið „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 15. október 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri.

1. gr.

Í stað skilgreiningar á orðinu markaðssetning í 5. gr. B-hluta I. kafla kemur:

Markaðssetning: að geyma fódurblöndur með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/16/EB og tekur gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.